

Úthlutunarreglur

vegna styrkja Menntamálaráðuneytisins til verkefna aðildarfélaga Bandalags ísl. leikfélaga.

A. Leiksýningar, íslensk og erlend verk, 100% styrkur
Lengdarviðmið eru frá 0 og upp í 80 mín. eða 1,25% á hverja mín.

B. Álag

1. Frumflutningur 30%

2. Sérstakt frumkvæði 20%

Álag greiðist aðeins vegna A og í sömu lengdarviðmiðunum

C. Námskeið

1. Námskeið haldið af leikfélagi, 18-35 klst. - kr. 10.000

2. Námskeið haldið af leikfélagi, 36 klst. og yfir - kr. 20.000

3. Styrkur til leikfélags vegna þátttöku í Leiklistarskóla BÍL, pr. Nemandi - kr. 5.000

Umsóknum vegna námskeiða þarf að fylgja ítarleg lýsing á innihaldi þeirra, samin af leiðbeinanda og listi yfir þátttakendur með kennitölum hvers og eins.

Skýringar á lið A:

Styrkur er eingöngu veittur vegna leikrita og leikþátta. Ef um samsettar dagskrár er að ræða þá skal aðeins sækja um styrk vegna leikinna atriða í dagskránni og sótt skal um hvert atriði fyrir sig á sérstöku eyðublaði.

Ef félag setur upp leiksýningu í samstarfi við önnur félög eða stofnanir ber að skila sundurliðun á kostnaði og skiptingu verka á sérstöku eyðublaði með styrkumsókn.

Skylt er gera upptök af öllu leiknu efni tiltækt á YouTube eða Vimeo*.

Einnig skulu handrit af nýjum og nýþýddum verkum fylgja umsókn.

Með umsóknum um styrk vegna sýninga á höfundaréttarvörðu efni skal fylgja staðfesting á að sýningarleyfi hafi verið veitt ef það er ekki fengið í gegnum skrifstofu Bandalagsins. Styrkir eru **ekki** veittir vegna sýninga án leyfis réttshafa.

* Leiðbeiningar og aðstoð við að koma upptökum á vef er hægt að fá hjá framkvæmdastjóra á info@leiklist.is.